

## Stoðþjónusta

Samkvæmt grunnskólalögum (reglugerð nr. 585/2010) ber sveitafélögum skylda til þess að skólaskyld börn fái menntun sem byggir á þeirra forsendum og fái sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra. Í Síðuskóla er unnið samkvæmt stefnu um skóla án aðgreiningar og áhersla á að námsaðlögun/sérkennsla sé eðlilegur þáttur í skólastarfinu. Sértaekar þarfir nemenda geta falist í almennum námserfiðleikum, erfiðleikum vegna annars tungumáls, einhverfu, ofvirkni/athyglisbrestis, tilfinninga- og/eða félagslegum erfiðleikum, þroskaskerðingu eða hegðunarerfiðleikum.

Umsjónarkennarar sækja um námsaðlögun/sérkennslu fyrir nemendur að vori á sérstökum eyðublöðum. Stoðþjónustuteymi metur þörfina og raðar sérkennurum, stuðningsfulltrúum, þroskaþjálfum og þeim sem að sérkennslu koma niður á árganga. Námsaðlögun getur falist í breytingum á hæfniviðmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Áhersla er lögð á að aðlaga kennsluna að einstaklingsbundnum þörfum þeirra nemenda sem hennar njóta. Greinandi próf eru lögð fyrir til þess að meta stöðu nemanda og síðan unnið út frá niðurstöðum greininga. Sérkennarar eða umsjónarkennarar leggja fyrir skimanir í bekkjum t.d. í lestri og stærðfræði. Sérkennarar leggja greiningar fyrir þá nemendur sem meta þarf betur í framhaldi af skimunum.

Samstarf þeirra sem hafa með nemandann að gera er mjög mikilvægt. Gott samband þarf að hafa við þá sem þekkja barnið best þ.e. foreldra/forráðamenn og einnig er samstarf þeirra við umsjónarkennara og sérkennara mikilvægt. Námsráðgjafi kemur einnig að málum nemenda með sértaekar þarfir og er í samstarfi við áðurtalda aðila. Starfsmenn á Fræðslusviði Akureyrarbæjar koma að greiningarvinnu t.d. ef vísa þarf nemanda í nánari greiningu svo sem málþroskamat, þroskamat og sálfræðilega greiningu. Þeir aðilar sem leggja fyrir greiningar halda skilafundi og ráðleggja foreldrum og kennurum með framhaldið. Vegna nemenda með sértaekar þarfir eru oft stofnuð teymi sem funda reglulega um stöðu nemanda og hvernig best er að vinna að hans málum. Starfsmaður frá Fræðslusviði Akureyrarbæjar kemur sem ráðgefandi aðili inn í teymin ef á þarf að halda.

Þegar nemandi með sérþarfir skiptir um skóla er mikilvægt að trúnaðargögn fylgi viðkomandi og er það á ábyrgð foreldra að koma gögnum á milli skóla. Þeir geta einnig gefið leyfi fyrir því að gögn séu send á milli skóla og hefur sérkennari eða umsjónarkennari milligöngu um það. Í lok 10. bekkjar þarf að

huga að skilum á gögnum nemanda sem er að fara í framhaldsnám. Það er gert í samráði við foreldra. Fundur er ákveðinn með ráðgjafa, í þeim skóla sem nemandi hefur sótt um að stunda nám í, þar mæta foreldrar, nemandi og starfsmaður sem hefur komið að kennslu nemandans á unglingastigi. Ef þörf er á er sótt um endurmat á þroska fyrir þá nemendur sem hafa farið í þroskamat í yngri bekkjum.

## Skimanir í Síðuskóla

### **Námslegar skimanir:**

1. bekkur:

Könnun á stafabekkingu lagt fyrir í ágúst/september.

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Lesskimunarþrófið LÆSI- þrjú þróf, Leið til læsis-skimun að hausti (valkvætt).

Leið til læsis, lesskimunarþróf lagt fyrir lok september/október.

(Raddlestrar og lesskilningsþróf ( þróf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

2. bekkur :

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Lesskimunarþrófið LÆSI- tvö þróf. Lesmál á vorönn (valkvætt).

Lesmál, lagt fyrir í apríl (valkvætt).

Aston Index – stafsetningarskimun, lagt fyrir í desember og maí.

Lesskilningsþróf, lagt fyrir í október, janúar og maí (vakvætt).

(Raddlestrar og lesskilningsþróf, þróf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

3. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Logos skimun, 3-4 þættir.

Orðarún, (lesskilningsþróf).

Aston Index – stafsetningarskimun, lagt fyrir í desember og maí.

Skimun fyrir stærðfræðierfiðleikum með Talnalykli.

(Raddlestrar og lesskilningsþróf, þróf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

4. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Samræmd þróf í íslensku og stærðfræði.

Orðarún, (lesskilningsþróf).

Aston Index – stafsetningarskimun, lagt fyrir í desember og maí.

(Raddlestrar og lesskilningspróf, próf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

5. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí hliðarþróf eftir þörfum.

Orðarún, (lesskilningspróf).

(Raddlestrar og lesskilningspróf, próf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

6. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Logos skimun 4-5 þættir.

Orðarún, (lesskilningspróf).

Skimun fyrir stærðfræðierfiðleikum með Talnalykli.

(Raddlestrar og lesskilningspróf, próf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

7. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði.

Orðarún, (lesskilningspróf).

(Raddlestrar og lesskilningspróf, próf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

8. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

Orðarún, (lesskilningspróf).

(Raddlestrar og lesskilningspróf, próf úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

9. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

GRP14 (greinandi próf í lestri og stafsetningu, Rannveig Lund)

Samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði.

(Raddlestrar og lesskilningspróf, úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

10. bekkur:

Lesferill MMS: lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí, hliðarþróf eftir þörfum.

(Raddlestrarpróf og lesskilningspróf, úr „Lundarskólamöppu“ og „ Kópavogsmöppu“ eftir þörfum).

Aston Index greiningarpróf ( stafsetningarhluti) og Logos greiningarpróf notuð eftir þörfum í árgöngum.

## **Aðrar skimanir:**

Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi þar sem nemendur svara spurningum en er ekki undir nafni. Svörin gefa hins vegar vísbendingar um líðan nemenda. Hægt er að skoða nánar ef í ljós kemur að eitthvað er að fara miður af þeim þáttum sem spurt er um.

Markmið með Skólapúlsinum er m.a. að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

### **Virgni nemenda**

- Ánægja af lestri
- Áhugi og ánægja af stærðfræði
- Áhugi og ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin námsgetu
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Stjórn á eigin árangri
- Þrautseigja í námi
- Íþróttir/líkamsrækt

### **Líðan nemenda**

- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vanlíðan
- Kvíði
- Einelti

### **Skóla- og bekkjarandi**

- Að tilheyra skólanum
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka í tímum

- Hvatning kennara
- Mikilvægi heimavinnu í náminu

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa.

Líðankönnun, námsráðgjafi leggur fyrir einu sinni til tvisvar á ári.